

# Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hraunbúðir

Hraunbúðir er dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í eigu Vestmannaeyjabæjar. Húsið var gefið til Eyja í kjölfar eldgossins 1973 og hófst starfsemi þar 5 október 1974. Heimilið var í fyrstu dvalarheimili en 1987 fékkst leyfi fyrir hjúkrunar- og dagvistarrýmum við stofnunina. Á Hraunbúðum eru í dag 27 hjúkrunarrými og 13 dvalarrými, ásamt 2 rýmum fyrir skammtímavistun.

**Ekki er hægt að sækja beint um dvöl á Hraunbúðum heldur þarf fyrst að fara fram mat á þörf á vistun. Sótt er annars vegar um vist á dvalarheimili (dvalarrými) eða hins vegar um dvöl á hjúkrunarrými (hjúkrunarrými).**

## Vist á dvalarheimili (dvalarrými)

*Áður en sótt er um vist á dvalarheimili þarf að fara fram mat á þörf fyrir dvalarrými. Skoðaðar eru heilsufarslegar og félagslegar aðstæður hins aldraða og metið hve þörf hans er brýn.*

## Mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými

- Ekki er unnt að sækja beint um dvöl á Hraunbúðum heldur þarf fyrst að fara fram mat á þörf fyrir vistun.
- Sótt er um mat á þörf fyrir dvalarrými á [sérstöku eyðublaði](#) sem fæst meðal annars í þjónustuveri Ráðhúss og á vef félags- og tryggingamálaráðuneytis.
- Umsókn er skilað inn til fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar. Þar er hún yfirfarin og kannað hvort umsækjandi geti búið áfram í eigin húsnæði með aukinni þjónustu. Ef svo er lýkur ferlinu þar.
- Ef ljóst er að aukin þjónusta svarar ekki þörf umsækjanda er umsókn send sérstöku matsteymi sem sér um framkvæmd matsins.
- Matsteymið hefur sex vikur til að framkvæma mat. Að því loknu á að kynna umsækjanda niðurstöðu. Teljist umsækjandi ekki í þörf fyrir dvalarrými skal rökstyðja niðurstöðu.
- Sé umsækjandi metinn í þörf fyrir dvalarrými er niðurstaða send fjölskyldu- og fræðslusviði sem kynnir umsækjanda hvaða úrræði standa til boða og tekur við óskum hans um dvalarstað.
- Mat á þörf umsækjanda fyrir dvalarrými gildir í níu mánuði. Hafi hann ekki fengið vistun að þeim tíma liðnum þarf að gera nýtt mat.

## Umsókn um mat á þörf fyrir dvalarrými

- Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja, Ráðhúsinu tekur við óskum umsækjanda um dvalarstað þegar hann hefur verið metinn í þörf fyrir dvalarrými. Fjölskyldu- og fræðslusvið sendir síðan þær óskir til matteymis.

## Dvöl á hjúkrunarrými (hjúkrunarrými).

Áður en óskað er eftir dvöl á hjúkrunarheimili þarf að fara fram vistunarmat þar sem sérstök nefnd metur aðstæður umsækjanda. Plássi á hjúkrunarheimili er ekki úthlutað fyrir en útséð er með önnur úrræði.

### Vistunarmat

- Telji hinn aldraði eða aðstandendur hans tímabært að sækja um dvöl á hjúkrunarheimili þarf að sækja um vistunarmat til sérstakra vistunarmatsnefnda.
- Vistunarmatsnefndir eru sjö og starfa í hverju heilbrigðisumdæmi landsins.  
[Aðsetur vistunarmatsnefnda og símatímar](#)  
[Heilbrigðisumdæmi landsins](#)
- Beiðni um vistunarmat á að senda til vistunarmatsnefndar í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili í.
- Sérstakt [umsóknareyðublað um vistunarmat](#) er að finna á vef Landæknis en starfsfólk heilsugæslu getur útvegað eyðublaðið sé þess óskað.

### [Umsókn um vistunarmat, \(word, 85 kb\)](#)

### [Ítarlegt efni um vistunarmat á vef Landlæknis](#)

- Þegar umsókn berst vistunarmatsnefnd er aflað ýmissa gagna sem þarf til að skera úr um þörf umsækjandans fyrir dvöl á hjúkrunarheimili. Heilbrigðisstarfsfólk hefur samband við umsækjanda og heimsækir eftir atvikum til að kanna heilsu hans og aðbúnað.
- Afgreiðsla umsóknar á að taka 6-8 vikur og eru niðurstöður sendar til umsækjanda og fagaðila innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.
  - Sé umsókn hafnað er umsækjanda bent á önnur úrræði eins og liðveislu heilsugæslu og félagsþjónustu sem hentar hans aðstæðum.
  - Sé umsókn samþykkt er næsta skref að sækja um rými á hjúkrunarheimili.
- Vistunarmatið gildir í 12 mánuði. Hafi umsækjandi ekki fengið vist að þeim tíma liðnum gerir vistunarmatsnefnd honum viðvart og býður honum að fá mat gert að nýju.
  - Vistunarmat sem gert var fyrir árslok 2007 gildir í 18 mánuði samkvæmt þágildandi reglum.
- Sé umsækjandi ósáttur við afgreiðslu vistunarmatsnefndar má vísa málinu til umsagnar Landlæknis.
- Aldraðir og aðstandendur þeirra geta fengið ráðgjöf um vistunarmat og aðra kosti sem þeim standa til boða hjá vistunarmatsnefnd, heimilislækni, heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga.

### Dvalarumsókn

- Þegar svar berst umsækjanda um að vistunarmat hafi verið samþykkt fylgir svarbréfinu umsókn um vist á hjúkrunarheimili. Umsóknina á að senda útfyllta til vistunarmatsnefndar.
- Heimilt er að sækja um dvöl á allt að 15 heimilum hvar sem er á landinu.

- Þegar pláss losnar á einhverju þeirra heimila sem hinn aldraði kýs að dveljast á er stjórn þess frjálst að velja á milli þeirra þriggja umsækjenda sem eru í mestri þörf og efstir á biðlistanum.
- Röð umsækjenda fer eftir stigafjölda vistunarmatsins sem sýnir hversu brýn þörf fyrir vistun er. Þeir eru efstir sem við versta heilsu og erfiðastar aðstæður búa og lengst hafa beðið.

### Val á hjúkrunarheimili

- Hjúkrunarheimilin veita sjálf upplýsingar um starfsemi sína og aðbúnað heimilisfólks. Þá hafa mörg heimilanna vef eða hafa gefið út bæklinga þar sem má kynna sér aðstæður.
- Starfsmenn vistunarmatsnefnda geta einnig veitt ráðgjöf um þau heimili sem völ er á og helst koma til greina í tilviki hvers og eins.

### [Öldrunarstofnanir á landinu](#)

### Vert að skoða

- [Um dvalarheimili á \*\*island.is\*\*](#)
- [Um málefni aldraðra á vef félags- og tryggingamálaráðuneytis](#)
- [Um málefni aldraðra á vef heilbrigðisráðuneytis](#)

### Lög og reglugerðir

- [Lög um heilbrigðisþjónustu](#)
- [Lög um málefni aldraðra](#)
- [Reglugerð um vistunarmat](#)
- [Reglugerðir um stofnanir aldraðra](#)